

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

158. löggjafarþing 2026–2027

Reykjavík, 28. september 2026

Umsögn Starfsgreinasambands Íslands (SGS) um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2027 (2. mál)

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Sambandið gerir alvarlegar athugasemdir við þær skatta- og gjaldahækkanir sem frumvarpið boðar og getur ekki stutt það óbreytt.

Launafólk hefur lagt sitt af mörkum til stöðugleika með hóflegum langtímakjarasamningum. Forsenda þeirra var að allir tækju þátt í að halda aftur af verðlagi og ná niður verðbólgu og vöxtum. Frumvarpið gengur í þveröfuga átt.

Hækkanir langt umfram 2,5%

SGS hefur kallað eftir sameiginlegu átaki þar sem verð- og gjaldskrárhækkanir verði ekki umfram 2,5% út gildistíma kjarasamninga. Þrátt fyrir það leggja stjórnvöld til að fjölmargir skattar og gjöld hækki um 5,2%, kílómetragjald hækkar um nær 16% og ýmis önnur gjöld enn meira.

Fyrirhuguð hækkun kílómetragjalds kemur sérstaklega illa við íbúa landsbyggðarinnar. Víða eru vegalengdir til vinnu og þjónustu langar og almenningssamgöngur ekki raunhæfur kostur. Þá getur hækkunin jafnframt skilað sér í auknum flutningskostnaði og hærra vöruverði.

Þessar hækkanir fara beint út í verðlag og skerða ráðstöfunartekjur heimila. Þær bitna sérstaklega á tekjulágu launafólki og fólki sem á ekki annan kost en að nota einkabíl til vinnu. Í frumvarpinu sjálfu er áætlað að ráðstafanirnar hækki vísitölu neysluverðs um 0,32%. Ríkið er því sjálft að auka verðbólgu á sama tíma og það krefst hófsemi af öðrum.

Skattahækkun á launafólk

Breytingarnar á persónuafslætti hafa verið kynntar með óskýrum hætti. Málið snýst ekki aðeins um persónuafsláttinn. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að skattleysismörk og mörk skattþrepa hækki minna en samkvæmt gildandi reglu.

Afleiðingin er að launafólk greiðir hærri skatt en ella. Persónuafslátturinn verður lægri, skattleysismörk hækka minna og fólk færist fyrr upp í hærri skattþrep. Þetta er skattahækkun

Þótt skatthlutföllin sjálf breytist ekki. Stjórnvöld áætla að breytingin auki skattbyrði einstaklinga um 3,1 milljarð króna árið 2027.

SGS hafnar þessari aðferð. Ekki er réttlætanlegt að fjármagna ríkissjóð með því að láta skattkerfið taka stærri hluta af launum fólks á sama tíma og kaupmáttur er undir þrýstingi.

Sama sjónarmið á við um barnabætur, húsnæðisbætur og aðrar fjárhæðir tilfærslukerfisins. Ef þær fylgja ekki verðlagi rýrnar stuðningurinn að raunvirði. Slík raunlækkun kemur verst niður á tekjulágum heimilum og vinnur gegn markmiðum um að verja kaupmátt þeirra sem minnst hafa milli handanna.

Ábyrgð stjórnvalda

SGS hefur áður lýst þungum áhyggjum og vonbrigðum vegna aðgerðaleyfis stjórnvalda gagnvart vöxtum og verðbólgu. Með frumvarpinu eru þau vonbrigði staðfest. Það gengur ekki að kalla eftir ábyrgð launafólks, sveitarfélaga og atvinnulífs en ríkið sjálft hækki skatta og gjöld langt umfram þau mörk sem aðrir eru beðnir um að virða.

SGS gerir jafnframt alvarlega athugasemd við skort á samráði. Upplýsingagjöf eftir að ákvarðanir hafa verið teknar er ekki raunverulegt samráð. Þegar aðgerðir stjórnvalda hafa bein áhrif á kaupmátt og forsendur kjarasamninga ber að ræða þær við fulltrúa launafólks áður en stefna er fest í frumvarp.

Þá verður ekki horft fram hjá því að gjaldahækkanir og hærri skattbyrði koma hlutfallslega þyngst niður á fólki með lágar og millitekjur. Áhrifin þarf að meta út frá stöðu raunverulegra heimila en ekki aðeins út frá tekjuþörf ríkissjóðs.

Niðurstaða

SGS getur ekki stutt frumvarpið óbreytt. Sambandið gerir þær kröfur að fallið verði frá breytingum sem leiða til minni hækkunar persónuafsláttar, skattleysismarka og skattþrepa. Þá verði hækkanir opinberra skatta og gjalda færðar að 2,5% hámarkinu og tryggt að barnabætur, húsnæðisbætur og aðrar fjárhæðir tilfærslukerfisins haldi raunvirði sínu.

Allir þurfa að axla ábyrgð ef ná á niður verðbólgu og vöxtum. Sú ábyrgð hvílir ekki síst á ríkisstjórn Íslands.

Virðingarfyllt,

Björg Bjarnadóttir,
framkvæmdastjóri SGS